

IV. OPNUNARGJALD

218

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

14. okt.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsti hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps, nr. 87 2. ágúst 1934, ásamt síðari breytingu.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. október 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorstensson.

AUGLÝSING

219

um afnám reglugerða um bann við dragnótaveiði.

20. okt.

Með auglýsingu þessari er úr gildi numin reglugerð um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvíta að Hraunsnesi, nr. 64 1. marz 1950, og reglugerð um bann við dragnótaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 50 1. marz 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. október 1950.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

220

fyrir Rafveitu Neskaupstaðar.

24. okt.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Neskaupstaðar er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar starf-rækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Neskaupstað og selja hana til heimilis-notkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Neskaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Neskaupstaðar og hafa sérstakt reikningshald.